

Earth Check (EC)

Minnisblað 2. um næstu skref



Unnið af Hjörleifi Finnssyni
verkefnastjóra fyrir Fjórðungs-
samband Vestfirðinga 11. okt
2023.

Á nýliðnu Fjórðungspingi að hausti var samþykkt óbreytt ársstillag til Earth Check verkefnisins árið 2024. Ennfremur var samþykkt ályktun um gerð loftslagsstefnu, en í greinargerð hennar kemur fram að „Í vinnu við gerð loftslagsstefnu verði hlutverk umhverfisvottunarinnar Earth Check jafnframt skoðað“. Það er því skilningur Verkefnastjóra að halda skuli áfram að vinna að umhverfismálum á árinu 2024 með fulltingi Earth Check kerfisins, og hlutverk þess jafnframt endurskoðað. Til þess þarf að hefja vinnu við endurvakningu kerfisins í samstarfi við EC og sveitarfélögin án tafar.

Næstu skref

Verkefni og aðgerðir

Verkefnastjóri EC er nú skráður Hjörleifur Finnsson verkefnastjóri umhverfismála hjá Vestfjarðastofu, en eftir er að klára að skipa í níu manna framkvæmdaráð frá sveitarfélögunum og þriggja manna grænt ráðgjafar teymi. Skv. EC kröfum á einnig að þjálfa þetta fólk í hlutverki sínu. Þetta þyrfti að gerast hratt svo það tefji ekki aðra vinnu, og miðað við fyrri reynslu þá væri æskilegra að viðkomandi væri starfsmaður, frekar en kjörin fulltrúi, sérstaklega ef viðkomandi væri viðriðin fjármálastjórnun og/eða úrgangsmál. Annað mikilvægt mál er að ákveða hvernig skuli staðið að gagnasöfnun, líklega er best að hvert og eitt sveitarfélag dragi viðkomandi gögn úr rekstri sínum og setja hann beint inn á skilavef EC. Á fundi verkefnastjóra með fulltrúa EC í september kom fram að gera þyrfti úrbóta- og aðgerðaáætlun, vegna slakrar frammistöðu og ef ekki næðist að skila öllum 2022 gögnum fyrir áramót sem öll líkindi eru til.

Helstu tækifæri í samlegð

Svæðisáætlun um úrgang gerir ráð fyrir að fulltrúar í þá vinnu verði tilnefndir. Framkvæmdaráð EC og þessir fulltrúar gætu mjög auðveldlega verið þeir sömu. Seinna gætu svo mögulega sömu fulltrúar tekið við gerð aðgerðahluta loftslagsáætlunar og möguleg notað til þes kerfi EC.

Helstu aðgerðir

1. Skipa Framkvæmdaráð (1. úr hverju sveitarfélagi)
2. Skipa græna teymið (3 fulltrúar)
3. Koma á hreint hvernig skuli staðið að gagnasöfnun og skilum
4. Gera umbóta og aðgerðaplan?
5. Uppfæra áhættumat
6. Uppfæra Önnur skjöl

Samlegð

- Er augljós með svæðisáætlun um úrgang og gott væri að fulltrúi sveitarfélaga í Framkvæmdaráði og Svæðisáætlun um úrgang væru þeir sömu
- Seinna væri eðlilegt að bæta við loftslagsáætlun